



Fundur í félagi skógareiganda á Suðurlandi

haldinn í Gunnarsholti 23.9. 2017

Fundarefni: Brunavarnir í skógum og tryggingamál.

Fyrirlesarar voru Björn B Jónsson, Pétur Pétursson og Hannes Lentz

María E. Ingvadóttir formaður FsS setti fundinn kl. 10:30 og bauð 21 fundargest velkominn. Hún brýndi fyrir fundarmönnum mikilvægi umræðuefnisins og minnti einnig á mikilvægi þess að mæta vel á landsfund LSE sem haldinn verður á Reykjanesi við Ísafjarðardjúp dagana 13-14.10. Eins minnti hún á tilboð stjórnar um niðurgreiðslu á ferðakostnaði félagsmanna, ókeypis rútufargjaldi og niðurgreiðsu á uppihaldi sem nemur kr. 10.000.-

Erindi Björns B. Jónssonar fjallaði um varnir gegn gróðurbrunum á Íslandi.

Þetta mál hefur verið í alvarlegri skoðun í hartnær 10 ár og haldin nokkur málþing um efnið; í Prastarlundi með norskum sérfræðingi, í Borgarnesi með bændasamtökum og sveitarstjórnarfólki og lokað málþing í Reykjavík með ýmsum völdum fulltrúum svo sem slökkviliðsstjórum. Árið 2009 kom út ítarlegur bæklingur Brunamálastofnunar, Gróðureldar.

Birni hefur verið falið að leiða frekara starf ásamt fulltrúum mannvirkjastofnunar, félagi skógareigenda o.fl. aðilum og von er á bæklingi um brunavarnir í skógum um áramót.

Hættan á skógabruna er breytileg eftir aldri skógarins. Á nýgróðursettum trjásvæðum er mest hættan á sinubruna, í ógrísjuðum ungskógi er hætt við að tré brenni en eldhætta í uppkvistuðum, þroskuðum skógi er ekki mikil.

Helstu áhrifavaldar eru landslag, jarðvegur, gróður og veðurfar en oftast kviknar í af mannavöldum, eftir því sem umferð um skógarsvæði er meiri eykst eldhættan.

Mest eldhætta er í furuskógum; ungum skógum er hættara en eldri og eins þar sem jarðvegur er grunnur. Eldsmatur er mikill í íslenskum skógum, einkum þar sem gróðursett er í fyrrum landbúnaðarlandi svo sem túnum.

Þar sem greinar barrtrjáa ná alveg niður að jörð er hættan á „krónu-eldi“ og eins þarf að huga vel að skógarjöðrum.

Landslag hefur áhrif á útbreiðsluhraða elds, hann er meiri í bröttum hlíðum en á láglandi, en almennt brennur skógareldur hraðar á láglandi en í fjalllendi. Eldhætta er meiri á daginn og í suðurhlíðum.

Brunahindranir eru vötn, ár og lækir og ógróin svæði eins og melar en einnig stígar og vegir. Einnig má gróðursetja laufskógabelti, einkum úr ösp, á barrskógarsvæðum sem brunahindrun.

Markmið vinnuhóps um brunavarnir í skógrækt er að gerð sé varnaráætlun fyrir svæðin; samræma þarf gögn, aðferðir og kortatákn, og gera þarf kort yfir skógarsvæði aðgengilegt neyðarlínu, þar sem kemur fram vegalagning, gerð og aðgengi vatnsbóla, varnarlínur, mannvirki á svæðinu s.s. byggingar, raflínur, skurðir, girðingar.

Neyðarlína þarf upplýsingar um raunverulegt ástand svæðis frá ári til árs.

Jafnframt þarf að gera fram tíðaráætlun um skipulag ræktunarsvæðisins, ræktun og brunavarnir.

